

# Fundargerð 7. fundar

## Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 2. júlí 2013

Árið 2013, þriðjudaginn 2. júlí kl. 14 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman fundar í Borgartúni 30 í Virkisbúð.

Mættir voru: Svanfríður Inga Jónasdóttir formaður, Róbert Ragnarsson, Guðný Sverrisdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Elliði Vignisson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fjárhagsáætlun ársins 2013

Framhald frá síðasta fundi.

Páll fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun ársins 2013. Áætlunin byggir á starfsáætlun sem rædd var á fundi 3. apríl 2013.

Gert er ráð fyrir að félagsgjöld verði 5.200.000 kr. á árinu. Útgjöld eru áætluð 4.919.554. Rekstrarafgangur áætlaður 280.446 kr.

Fjárhagsáætlunin er samþykkt samhljóða.

### 2. Fundur með nýjum sjávarútvegsráðherra

Svanfríður leggur til að stjórn samtakanna óski eftir fundi með nýjum sjávarútvegsráðherra til að ræða markmið og hlutverk samtakanna.

Ákveðið að Svanfríður óski eftir fundi með ráðherra.

### 3. Sjávarútvegsfundur í haust

Framhald frá síðasta fundi. Fundurinn verður kl.14 – 17 þann 2. október á Hilton Nordica og er ætlaður sem almennur kynningar- og fræðslufundur fyrir starfsmenn, stjórnendur og bæjarfulltrúa aðildarsveitarfélaga um tiltekin málefni sem stjórn ákveður.

Umræða um hugmyndir að efni fundarins. Eftirfarandi hugmyndir komu fram:

- Sameiginleg auðlindastefna
- Niðurstöður sáttanefndar
- Hvað þurfa pottarnir að vera stórir? Hvað mega þeir að vera stórir?
- Á fiskvinnslan að geta átt kvóta?

Ákveðið að halda áfram að velta upp hugmyndum fyrir næsta fund.

### 4. Fundadagatal

Tillaga að fundadagatali fyrir samtökin lögð fram.

19. september. Stjórnarfundur í Grindavík.

2. október. Sjávarútvegsfundur á Hilton Nordica.

5. nóvember. Stjórnarfundur í Reykjavík.

Tillagan er samþykkt og verður birt á vef samtakanna.

Elliði vék af fundi kl. 15.10.

### 5. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld, 15. mál.

Formaður leggur fram tillögu að umsögn um frumvarpið.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.35.

Fundargerð skráði RR.